



Áfangi:	ÍSLE2FR05 Fornar bókmenntir, ritun og málsaga Undanfari: ÍSLE2MB05 eða sambærilegur áfangi
Kennari:	Piðrik Örn Viðarsson
Önn:	Haustönn 2025
Áætlun unnin:	Sumar 2025

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- sögu íslenskra miðaldabókmennta,
- fornum norrænum textum,
- hugtökum í bókmenntafræði,
- þróun tungumálsins og helstu breytingum frá fornu,
- orðaforða sem nægir til að skilja eldri íslenska texta,
- vinnubrögðum við ritgerðasmíð og heimildavinnu.

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- lesa fjölbreyttar gerðir ritaðs máls fyrri alda,
- tjá sig á blæbrigðaríkan hátt um afmörkuð málefni,
- beita gagnrýninni hugsun í ræðu og riti,
- nýta sér gagnrýni annarra,
- meta og nýta heimildir á réttan og heiðarlegan hátt,
- beita helstu bókmenntahugtökum á lesna texta.

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka texta þótt merking sé ekki ljós,
- setja fram rökstudda afstöðu og útskýra sjónarmið í málefnalegum umræðum,
- beita málinu á viðeigandi hátt við mismunandi aðstæður,
- efla og meta eigin málfærni,
- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta,
- sýna sköpunarhæfni í málflutningi sínum og verkum.

sem metið er með:	<i>Sí- og leiðsagnarmati</i>
-------------------	------------------------------

Námsefni:	Snorra-Edda á nútímaíslensku. 2023 (2. útgáfa). Bjarki Barnason sneri til nútímamáls. Óðinsauga, Mosfellsbæ. Ármann Jakobsson. 2012 (2. útg.). <i>Bókmenntir í nýju landi. Íslensk bókmenntasaga frá landnámi til siðaskipta</i>. Bjartur Kröfur FSN til verkefna- og ritgerðavinnu: https://moodle.fsn.is/course/view.php?id=76 Málið: https://malid.is/ Annað efni í samráði við kennara.
-----------	---

Námsmat: Þetta er símatsáfangi sem byggir á leiðsagnarmati og jafningamati.	Nemandi fær endurgjöf á það sem vel er gert ásamt ábendingum um það sem betur má fara. Því er afar mikilvægt að nemandi kynni sér endurgjöf kennara vel. Leitast er við að hafa námsmat sem fjölbreyttast til þess að fram komi rétt mynd af þekkingu og hæfni nemenda.
Verkefnaeinkunn (50%):	Verkefni úr fornbókmenntum og málsögu að meðtöldu lokaverkefni annar. Athugið að 25% af einkunn allra ritunarverkefna byggist á réttitun, málfari og frágangi (þ.m.t. merkingu verkefna). Þess vegna er afar mikilvægt að nýta fáanlegar ritbjargir.
Rannsóknaritgerð (25%)	
Prófseinkunn (25 %)	Kaflapróf, tvö eða fleiri. Próf geta verið munnleg eða skrifleg.

Skipulag náms:
Námstilhögun:
Í áfanganum verður stuðst við kennsluumsjónarkerfið „Moodle“ en þar setur kennari öll fyrirmæli og verkefni. Verkefnum er skilað til kennara í gegnum kerfið, nema annað sé tekið fram.

Nám nemenda fer aðallega fram með verkefnavinnu og nemendur vinna ýmist einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Verkefnum er skilað á fjölbreyttan hátt og verður símat alla önnina.

Tekið skal fram að vinnan við heimildaritgerð verður að vera sýnileg. Senda þarf vinnueintak til kennara eða sýna honum í verkefnatíma/kennslustund skv. fyrirmælum. Ef það er ekki gert verður ekki tekið við ritgerðinni og viðkomandi fær einkunnina núll.

Athugið: Kennari áskilur sér rétt til þess að gefa einkunnina 0 telji hann að verkefni hafi verið unnið af öðrum en nemandanum sjálfum (t.d. gervigreind). Séu nemendur ósáttir við mat kennara geta þeir óskað eftir viðtali.

Nánar um verkefni og yfirferð hvernar viku er hægt að sjá í kennslukerfinu (Moodle) en öll vinnan fer fram í gegnum kerfið. Mikilvægt er því að kunna að nota Moodle eða leita aðstoðar hjá kennurum og/eða samnemendum. Gerð er sú krafa að nemendur fari reglulega inn í kennslukerfið og lesi fyrirmæli og skilaboð sem þar eru sett.

Ekki er gefin einkunn fyrir öll verkefni.

Um skilafrest og vanskil:

Nemandi í framhaldsskóla ber ábyrgð á eigin námi. Ákveðinn skiladagur er gefinn upp á öllum verkefnum. Það er því mjög mikilvægt að mæta í allar kannanir/próf og skila öllum verkefnum á réttum tíma. Sjá nánar reglur um skilafrest: <https://moodle.fsn.is/?redirect=0>

Ekki er tekið við verkefnum eftir auglýstan skilafrest. Fjórðungur (25%) einkunnar fyrir öll ritunarverkefni er fyrir réttritun, málfar og frágang. Ætlast er til að nemendur nýti sér fánlegar ritbjargar auk þess að lesa vel yfir verk sín fyrir skil.

Athugið: Kennari áskilur sér rétt til þess að gefa einkunnina 0 telji hann að verkefni hafi verið unnið alfarið af gervigreind. Séu nemendur ósáttir við mat kennara geta þeir óskað eftir viðtali.

Um próf:

Sé nemandi ekki skráður veikur í Innu eða með löglega fjarvist á auglýstum próftíma, fær hann ekki annað tækifæri til að taka prófið.

Kennsluvikur - Haustönn 2025	Áætluð yfirferð	Skil á verkefnum/kannanir
Vika 34 17. - 23. ágúst	18. ágúst – Kennsla hefst Landnám, menning og saga. Maðurinn og trúarbrögð. Þjóðflutningar.	

Vika 35 24. - 30. ágúst	Landnám, menning og saga. Maðurinn og trúarbrögð. Þjóðflutningar.	
Vika 36 31. ágúst – 6. september	Goðafræði – Gylfaginning og skáldskaparmál. Formáli (bls. 5-7 og bls. 13-54).	
Vika 37 7. - 13. september	Goðafræði – Gylfaginning og skáldskaparmál (bls. 95-114 og 118-138).	
Vika 38 14. - 20. september	Goðafræði – Gylfaginning og skáldskaparmál bls. (138-157).	
Vika 39 21. - 27. september	22. september – Námsmatsdagur Munnmenntir: Eddukvæði Bókmenntir í nýju landi (bls. 17- 33).	Undirbúningur undir ritgerðarskrif. Heimilda leitað og rannsóknarspurning mótuð.
Vika 40 28.sept. - 4. október	Munnmenntir: Eddukvæði Bókmenntir í nýju landi (bls. 17- 33). Goðafræði í samtímanum.	Efni rannsóknarritgerðar ákveðið, efnisgrind með rannsóknarspurningu skilað. Skrif hefjast.
Vika 41 5. - 11. október	Valtímabil hefst Munnmenntir: Eddukvæði Bókmenntir í nýju landi (bls. 17- 33). Goðafræði í samtímanum.	Rannsóknarritgerð – skil á vinnustigi. (Hér er ætlast til að verkefni sé rúmlega hálfnað).
Vika 42 12. - 18. október	17. október – Námsmatsdagur Trúskipti. Bókmenntir í nýju landi (bls. 34- 35). Dróttkvæði. Bókmenntir í nýju landi (bls. 36- 48).	Rannsóknarritgerð – önnur vinnuskil. (Hér er ætlast til að verkinu sé nánast lokið).
Vika 43 19. – 25. október	20. - 21. október – Haustfrí	Rannsóknarritgerð – lokaskil.

	Bókagerð. Málbreytingar. Bókmenntir í nýju landi (bls. 49- 57).	
Vika 44 26. október - 1. nóvember	Sagnaritun. Bókmenntir í nýju landi (bls. 58- 122).	
Vika 45 2. - 8. nóvember	7. nóvember – Námsmatsdagur Sagnaritun. Bókmenntir í nýju landi (bls. 58- 122).	
Vika 46 9. - 15. nóvember	Sagnaritun. Bókmenntir í nýju landi (bls. 58- 122).	
Vika 47 16. - 22. nóvember	Rímur og dansar. Bókmenntir í nýju landi (bls. 123- 125).	
Vika 48 23. - 29. nóvember	Rímur og dansar. Bókmenntir í nýju landi (bls. 123- 125).	
Vika 49 30 nóv. - 1. desember	Upprifjun og könnun	
Vika 50 7. - 13. desember	Lokaverkefni 11. desember – Síðasti kennsludagur haustannar 12. desember - Námsmatsdagur	
Vika 51 14. - 20. desember	Námsmatsdagar 18. desember – Einkunnabirting 19. desember – Útskrift	
Vika 52 21. - 27. desember	JÓLAFRÍ	